



# HRINGHAMAR 31-33, HAFNARFIRÐI

5 hæða fjölbýlishús auk kjallara- 46 íbúðir

## Skilalýsing

15. október 2024



## Skilalýsing : Hringhamar 31-33

Byggingaraðili:	Mótx ehf.m kt. 660505.2100, Hlíðarsmára 19, 201 Kópavogur
Aðalverktaki:	Mótx ehf., kt. 660505-2100, Hlíðarsmára 19, 201 Kópavogur
Arkitekt:	Arkþing - Nordic
Burðarþolshönnun:	Efla hf.
Lagnahönnun:	Efla hf.
Raflagnahönnun:	Efla hf.
Lóðahönnun:	Arkþing - Nordic

## Almennt um Hringhamar 31-33

Fjölbýlishúsið að Hringhamar er fimm hæðir auk kjallara, í allt 46 íbúðir í tveimur stigahúsum.

Í kjallara eru einkageymslur og sameiginleg hjóla- og vagnageymsla. Bílastæðahús með 35 stæðum er staðsett á milli húsanna.

## Frágangur íbúða

Húsið er staðsteypt. Útveggir einangraðir og klæddir að utan með áklæðningu. Kaldir veggir og garðveggir eru létt þússaðir í ljósum lit. Léttir milliveggir eru af gerðinni Fermacell á grind. Veggir og loft eru spörsluð, grunuð og máluð með tveimur yfirferðum af plastmálningu með gljástigi 10.

Gólf íbúða eru fleytt og tilbúin fyrir endanlegt gólfefni, nema í baðherbergi og í þvottahúsi (þar sem við á) en þar eru flísar á gólfum. Einnig eru flísar á veggjum baðherbergja, flísar eru frá Parka - interiors. Fataskápar í herbergjum og forstofu eru af vandaðri gerð frá Axis.

Plastlagðar borðplötur eru í eldhúsi, baði og þvottahúsi þar sem við á.



## Eldhús

Eldhúsinnrétting er sérsníðuð af vandaðri gerð frá Axis ásamt vaski og Grohe blöndunartækjum frá Byko (eða sambærilegt). Helluborð, blástursofn og gufugleypir eru af gerðinni AEG frá Ormsson (sjá nánar hjá Ormsson ehf.)

## Baðherbergi

Baðinnrétting kemur frá Axis. Hreinlætistæki og handklæðaofn eru frá Byko (eða sambærilegt). Salernið er upphengt og innbyggt. Hitastýrð blöndunartæki eru við sturtu. Gólf eru flísalögð og veggir að hluta upp í loft.

## Ofnakerfi:

Sameiginlegt ofnakerfi er í öllu húsinu frá Byko (eða sambærilegt) og verður því skilað fullbúnu samkvæmt teikningu.

## Rafmagn

Rafmagn verður fullfrágengið samkvæmt teikningu. Litur tengla og rofa verður hvítur og eru þeir af viðurkenndri gerð (Berker) frá Johan Rönning (eða sambærilegt). Reykskynjari verður í hverri íbúð í samræmi við reglugerð.



## Loftræsting

Sérstakt loftræstikerfi er fyrir hverja íbúð. Kerfið hefur loftskipti í íbúðinni með því að taka loft að utan og dæla því inn í vistarverurnar, herbergi og stofu, og soga lofti út úr baði, þvottahúsi og eldhúsi. Kerfið er með varmaendurvinnslu og nýtir við bestu aðstæður um 80% af varmanum.

Kerfið er með loftsíum og er allt loft sem kemur inn síað. Ekki á að vera þörf á að opna glugga í íbúðinni til loftunnar.

Íbúðir í kjallara eru með útsogi af votrymum og eldhúsi samkvæmt teikningum.

## Einkageymslur

Steypt loft, veggir og gólf eru slípuð og máluð. Léttir veggir málaðir. Hillur fylgja ekki.

## Frágangur sameignar

Anddyri/stigahús er lokað og er það flísalagt að hluta með uppsettum póstkössum. Stigar og stigapallar eru teppalagðir og með handriðum. Allar útidyrhurðir frágengnar.

Sameign er upphituð með ofnakerfi. Raflagnir í sameign eru fullbúnar með ljósakúplum, sbr. teikningar. Loftræstilagnir eru lagðar skv. teikningu.

## Frágangur utanhúss

Útveggir eru staðsteyptir og eur þeir einangraðir og klæddir að mestum hluta fyrir utan kalda veggj sem eru með þússaðir. Þak er einangrað með þurri einangrun með samsoðnum dúk og fargi. Svalir íbúða skilast með handriði og steypuáferð á gólfum. Íbúðir á jarðhæð skilast með sólpalli.

Gluggar og útihurðir eru úr áklæddu timbri frá Húsasmiðjunni og eru skv. teikningum arkitekts. Allt gler í húsinu er tvöfalt K-gler og opnanleg fög eru topphengd. Nánar má kynna sér þessi atriðið í byggingarlýsingu.

Lóðin er tilbúin skilast með grasi, hellum og malbiki samkvæmt leiðbeinandi teikningum hönnuða.

---

ALLAR BREYTINGAR Á ÍBÚÐINNI SJÁLFRI OG EINSTAKA HLUTUM Í HENNI, AÐ ÓSK KAUPANDA, ER Á HANS KOSTNAÐ OG GETUR HAFT ÁHRIF Á AFHENDINGARTÍMA TIL SEINKUNAR.

---

Byggingaraðili : MótX ehf. [www.hringhamar.is](http://www.hringhamar.is)

Aðalverktaki: MótX ehf. [www.motx.is](http://www.motx.is)